

BORGARRÁÐ 25. júní 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að afnema hundaeftirlitsgjald - R20010132

Flokkur fólksins hefur áður verið með all margar fyrirspurnir og tillögur um umrætt gjald sem er að engu leiti notað í þágu dýranna og eigenda þeirra. Innheimta hundaftirlitsgjalds er ósanngjörn innheimta, fétaka og ekki er alveg ljóst í hvað það fé er notað þar sem umfang verkefna borgarinnar er varða hunda hefur minnkað svo um munar. Bæði tölur frá borginni og frá félögum hundaeigenda sýna mikla fækkun verkefna. Sem dæmi voru fjöldi hunda í hundageymslum árið 2010, 89 og 209 í lausagöngu en árið 2016 voru 11 í geymslu og 62 í lausagöngu. Í fyrra, 2019, voru þessar tölur enn lægri. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2021-2025 kom fram að lækkun verður almennt á eftirlitsgjaldi vegna minna eftirlits í fyrirtæki sem veita þjónustu. Þar er ekki minnst á hundaftirlitsgjaldið. Nú er yfirvöldum í borginni ekki lengur stætt á þessu gjaldi. Engin sanngirni er í því að halda áfram að innheimta gjaldið lengur þar sem ekki er sama þörf fyrir þjónustuna og verkefni sárafa.

Greinargerð:

Eftir því sem best er vitað er starfandi stýrihópur sem endurskoðar reglur um dýrahald. Ekkert bólar á vinnu frá þeim hópi þrátt fyrir að nú sé borgarstjórn komin í sumarfrí. Ítrekað hefur komið fram hin megra óánægja sem ríkir með árlegt hundaftirlitsgjald. Flokkur fólksins hefur margoft spurt um í hvað þessi gjöld fara nákvæmlega. Svörin eru ekki fullnægjandi og manni finnst sem gæti varna í umsögnum og viðbrögðum Heilbrigðiseftirlitsins. Greiðendur hundaftirlitsgjalds telja margir að dæmið gangi ekki upp sama hvaða reikningskúnstir eru notaðar. Sífellt er vísað á heimasíðu en þar er ekkert sem fær dæmið til að ganga upp. Hundaeigendur greiða um 35 milljónir á ári í hundaleyfisgjöld en samt er það staðfest af Heilbrigðiseftirlitinu að verkefnum eftirlitsins hefur fækkað til muna og umfang starfs hundaftirlitsmanna þar með. Flokkur fólksins hefur óskað eftir að fá upp á borð vinnuskýrslur til að sjá verkefni og umfang verkefna þeirra en því hefur verið hafnað. Svo virðist sem þöggun ríki um þessi mál. Ef litið er nánar á tölur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sést að kvörtunum vegna hunda hefur fækkað. Árið 2000 voru kvartanir um 1300. Árið 2012 voru kvartanir milli 600 og 700, árið 2018 um 80 og árið 2019 um 84. Eins og segir í tillögunni hefur fjöldi lausagönguhunda og hunda í hundageymslum stórfækkað og eru nú örfá tilfelli skráð.